

## 16. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 31. mars 2025 kl 13.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir (kom síðar inn á fundinn) Arinbjörn Bernharðsson, Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Hulda Birna Albertsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Páll Vilhjálmsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Matthías Lýðsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Finnur Ólafsson, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðpróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfi Torfason skipulags sérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

### Dagskrá

1. Kynning á framtíðarsýn Orkubús Vestfjarða, uppbygging raforkukerfis og bætt afhendingaröryggi.
2. Umfjöllun um efni vinnslutillögu svæðisskipulags.
3. Upptaktur / upplegg fyrir 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga 2. apríl n.k.

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar. Hún kynnti að Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar hefði óskað eftir lausn frá setu í nefndinni og bæjarráð hefði samþykkt þann 18. mars s.l. að skipa Huldu Birnu Albertsdóttur í hennar stað en Hulda situr í Umhverfismálaráði sveitarfélagsins. Formaður bauð Huldu velkomna til starfa í nefndinni og þakkaði Guðbjörgu Stefanínu hennar störf.

Formaður kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Kynning á framtíðarsýn Orkubús Vestfjarða, uppbygging raforkukerfis og bætt afhendingaröryggi.

Formaður vísaði til fyrri umræðu um orkumál að stjórn Vestfjarðastofu hefði samþykkt að þann 30. október 2024 að vísa efni bréfs Orkubús frá 7. október 2024 til umfjöllunar í svæðisskipulagsnefnd. Í bréfi Orkubúsins væri komið á framfæri ábendingum um skýrslu Vestfjarðastofu frá í ágúst 2024 um Þjóðgarða á Vestfjörðum og hefði verið kynnt í nefndinni.

Til að upplýsa um efni málsins að hálfu Orkubúsins sem hluta af umfjöllun nefndarinnar var óskað eftir kynningu að hálfu Orkubúsins á þessum fundi.

Formaður kynnti að Elías Jónatansson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða væri mættur til fundarins ásamt Sölva Sólbertssyni, framkvæmdastjóri orkusviðs, til kynningar á raforkukerfi og bætt afhendingaröryggi á Vestfirðum.

Til máls tók Elías og vísast til kynningarlæra um efni hans innleggs.

Formaður þakkaði Elíasi fyrir hans framsögu og opnaði fyrir fyrirspurnir.

Til máls tóku; Arnlín, Eva, Matthías.

Spurst fyrir hvort aðrir virkjanakostir séu í boði ef Vatnsdalsvirkjun verður ekki og viðræður við landeigendur. Spurst fyrir um áhrif Hvalárvirkjunar í samhengi við aðra virkjanakosti.

Fram kom aðrir virkjanakostir Orkubús sem tilgreindir hafa verið við undirbúning að tillögu að Rammaáætlun 5 eru Tröllárvirkjun, en virkjunin er mun óhagkvæmari.

Fomaður þakkaði Elíasi og Sölva fyrir þeirra kynningu og viku þeir af fundi kl 13.35.

2. Umfjöllun um efni vinnslutillögu svæðisskipulags.

Formaður vísaði á efni vinnslutillögu sem sent var út með dagskrá og gaf Hrafnkeli orðið.

Hrafnkell kynnti stöðu verkefnisins og tímalínu og framsetningu efnis (afurðir) og greinargerðina sjálfa

Til máls tóku; Aðalsteinn, Lilja og Sigríður.

Ástrós mætti til fundar kl 13.40.

Hrafnkell kynnti nú 5. kafla Samfélagsauð með vísan til tölusettra markmiða (í umfjöllunni kl 14.00 mætti Hlynur til fundarins en Herdís vék af fundi)

Til máls tóku; Jóhanna, Hjörleifur, Aðalsteinn, Eva, Bragi, Arnlín, Sigríður, Matthías og Hrafnkell jöfnum höndum.

Rætt um hvernig staðið yrði að víðtækari rýni á skjalið í heild og einstaka kafla. Til umræðu komu að virkja Ungmennaráð Vestfjarða og umhverfi unglunga s.s. afþreying, ungmennalýðræði, öryggi og farsæld barna. Rætt um málefni íbúa af erlendum uppruna og virkni þeirra í samfélögunum (innngilding). Rætt umgjörð fyrir lýðheilsu s.s. merkingar stíga, aðgengismál fatlaðra og aðgengi fyrir alla. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu í samblandi nær og fjarheilbrigðisþjónustu m.a. í tengslum við málefni aldraðra (Gott að eldast). Rætt um aðgengi að menntun og efla rannsóknir og nýsköpun með samnefnara í þekkingaröflun.

Umfjöllun um 3. kafla, upprifjun frá því haust en nú með tölusettum markmiðum og auknum texta. Til máls tóku, Hjörleifur, Hulda, Arnlín, Sigríður, Lilja, Bragi, Jóhanna, Bragi, Hjörleifur, Matthías og Hrafnkell jöfnum höndum.

Rætt um efni og skilgreiningar þjóðgarða, virkjanamál, ferðaþjónustu, gróðurfar, landslagsheildir, líffræðileg fjölbreytni, gróðuráætlanir og beitiland.

Sigríður, Ástrós og Páll véku af fundi kl 15.00 vegna annarra funda en í dagskrá var miðað við að fundi lyki kl 15.00.

Formaður frestaði frekari umræðu og óskað verði eftir að skriflegum ábendingum við þá undirkafla sem eftir stóðu þ.e. kafla 3.3. Loftslag, náttúruvá og úrgangsmál og kafla 3.4. Orkuöflun – orkuskipti og orkuöryggi.

#### 4. Upptaktur / upplegg fyrir 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga 2. apríl 2025

Rætt um fyrirkomulag kynningu á 70. Fjórðungsþingi þann 2. apríl n.k. .

Formaður þakkaði fundargestum fyrir þátttöku í fundinum og sleit fundi kl 15.10